



JAFNRÆÐI • JÁKVÆÐNI
TRAUST • VIRÐING

Pistill sveitarstjóra

Sveinn Margeirsson

Skútustaðahreppur

12. nóvember 2020

Kæru Mývetningar nær og fjær! Veðrið hefur leikið við okkur þetta haustið og fyrir það ber að þakka. Atvinnuástand í Skútustaðahreppi ber mikinn keim af kórónuveirufaraldrinum, en atvinnuleysi mældist tæp 18% í sveitarfélaginu nú í byrjun nóvember. Nýtum tímann til uppbyggingar – ekki hika við að koma með tillögur um það sem getur betur farið og í sameiningu finnum við leiðir til sóknar.

Ertu 16-21 árs og vilt hafa áhrif?

Skútustaðahreppur óskar eftir tilnefningum í ungmennaráð sveitarfélagsins. Ungmennaráð Ungmennaráð er ráðgefandi um málefni er tengjast ungu fólki á aldrinum 14 til 21 árs í sveitarfélaginu í umboði sveitarstjórnar. Áhugasamir endilega hafi samband við Dittu (ditta@hac.is), enda lykilatriði að heyra viðhorf yngri kynslóðarinnar til framfaramála innan sveitar



Framkvæmdir á skíðasvæði

Skíðadeild Mývetnings hefur staðið fyrir endurbótum á aðstöðu á skíðasvæðinu við Kröflu. Hraustlegur hópur sjálfbóðaliða hefur látið hendur standa fram úr ermum, með það að markmiði að koma svæðinu í flott form fyrir veturinn. Margar hendur vinna létt verk og hvet ég alla til að taka þátt í þessu frábæra verkefni!




Kynning á fjármálaráðstefnu sveitarfélaga

Vinna við fjárhagsáætlun fyrir 2021 er í fullum gangi í Skútustaðahreppi, líkt og í öðrum sveitarfélögum. Ég hélt kynningu á fjármálaráðstefnu sveitarfélaga nýverið. Glæsur og myndband af kynningunni eru hér: [https://www.samband.is/verkefni/fjarmal/fjarmalaradstefna-sveitarfelaga-2020/](https://www.samband.is/verkefni/fjarmal/fjarmalaradstefna-sveitarfelaga/fjarmalaradstefna-sveitarfelaga-2020/)

Framkvæmdir á Hólasandi

Vegaframkvæmdum um Hólasand, að þeistareykjum, er lokið þetta árið. Vegurinn er hinn glæsilegasti og opnar greiða leið úr Mývatnssveit og inn á Þeistareyki, en framkvæmdir hafa verið á vegum Landsvirkjunar. Þá hafa jafnframt staðið yfir framkvæmdir við lagningu háspennulínu um Hólasand og víðar í Skútustaðahreppi, auk framkvæmda við svartvatnstank. Nú er um að gera að ígrunda hvaða tækifæri þessi innviðaupbygging getur haft í sveitarfélaginu og stefna til framtíðar í þeim málum!



Sveitarstjóraspjall í fjarfundi

Annar fjarspjallsfundur sveitarstjóra var haldinn í liðinni viku. Takk fyrir fína umræðu!

Kyrrðarstundir í Reykjahlíðarkirkju

Séra Örnólfur hefur staðið fyrir vikulegum helgi- og kyrrðarstundum í Reykjahlíðarkirkju. Vegna covid-ástands og fjöldatakmarkana falla þær niður. Nánar verður tilkynnt um þegar forsendur breytast. Séra Örnólfur hvetur alla til að hafa samband símleiðis ef hann getur aðstoðað ykkur eða þá til að spjalla. Sími hans er GSM 860 2817 og heimasími 464 4201.

Velferðarsjóður Þingeyinga

Velferðarsjóður Þingeyinga verður snemma með jólaúthlutun í ár, en stefnt er að því að úthluta í fyrstu viku desember, en sjóðurinn styður nauðstadda í Þingeyjarsýslu. Hægt er að hafa samband við Örnólf prest (ornolfurj@gmail.com) varðandi úthlutanir og til að koma á framfæri stuðningi við sjóðinn. Að ósk landeigenda Reykjahlíðar runnu bætur sem greiddar voru fyrir landið undir göngu- og hjólastíginn óskertar til Velferðarsjóðs Þingeyinga.

Úthlutun menningarstyrkja

Í samræmi við reglur um úthlutun menningarstyrkja í Skútustaðahreppi og fjárhagsáætlun 2020 auglýsti velferðar- og menningarmálanefnd eftir umsóknum til menningarstarfs í sveitarfélaginu en þetta er seinni úthlutun ársins 2020. Eftirfarandi verkefni hlutu styrk:

Soffía Kristín Jónsdóttir: Lake Mývatn Concert series. Úthlutun 260.000 kr.

Laufey Sigurðardóttir: Músík í Mývatnssveit. Úthlutun 200.000 kr.

Helgi Héðinsson: Veiðifélags Mývatns. Úthlutun 129.500 kr.

Ragnheiður Jóna Leví Grétarsdóttir: Mývatn Tours. Úthlutun 210.500 kr.

Velferðar- og menningarmálanefnd lýsir yfir ánægju sinni með að Veiðifélag Mývatns sýni áhuga á því að halda í gamlar hefðir og kynna dorg í gegnum ís sem veiðiaðferð og menningu sveitarinnar fyrir skólabörnum.



Nýtt símanúmer í bókasafninu

Nýtt símanúmer í bókasafninu er 852-7008
Opnunartími ennþá sá sami: Á mánudögum
15:00 – 19:00

Íslenskukennsla í fullum gangi

Á meðan Covid-19 hamlar atvinnustarfsemi hefur öflugur hópur íbúa af erlendu bergi brotinn lagt stund á íslenskunám. Skjólbrekka er frábært félagsheimili Mývetninga og það var gaman að rekast á Freydísi og áhugasama nemendur þegar leiðin lá á fund landbúnaðar- og girðingarnefndar sem fram fór í framhaldi af námskeiðinu á dögnum. Þekkingarnet Þingeyinga stendur að íslenskunámskeiðinu.



Skipulagt félagsstarf í hýði

Hamingjugöngur hafa sett svip sinn á Mývatnssveitina í haust. Í ljósi strangra samkomutakmarkana hefur þeim verið frestað um sinn. Sama á við um starf eldri borgara, starfsemi ÍMS og ýmislegt fleira sem við erum von að geta notið í dagsins önn. Sóttvarnir hafa gengið vel og hafa ekki komið upp smit. Höldum áfram að gæta að sóttvörnum og pössum hvert upp á annað – en samt í góðri fjarlægð!



HRÓS DAGSINS...

Fá starfsmenn áhaldahússins fyrir að ganga hraustlega til verka í ÍMS, en að ósk minni hefur hluti grindverksins við ÍMS verið fjarlægður, með það að markmiði að gefa sveitungum kost á að kíkja á svæðið og velta vöngum yfir því hvernig það verði best skipulagt til nánustu framtíðar. Gengið hefur verið frá svæðinu þannig að hætta af opnuninni á að vera í lágmarki. Endilega sendið mér tölvupóst ef þið viljið koma góðum hugmyndum á framfæri í þeim efnum: sveinn@skutustadahreppur.is

Tökum áhættu: Við gleðjumst ef við sigrum, vitkumst ef við töpum!

Sveinn Margeirsson, sveitarstjóri